



Alþingi
Nefndasvið
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 24. október 2022

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi. 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 215 - 214. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar tækifærið til að veita umsögn við tillögu til þingsályktunar um sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi. 153. löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 215 - 214. mál. Um er að ræða tillögu sem felur í sér breytingar á lögum um fæðingar og foreldraorlof nr. 144/2020 í þá átt að foreldrum verði tryggður sameiginlegur réttur til tólf mánaða fæðingarorlofs sem þeir geti skipt með sér á 24 mánaða tímabili. Fram kemur í greinargerð með tillögunni að tillagan sé nú lögð fram í þriðja sinn en síðast á 152. löggjafarþingi (320. mál) og nú endurflutt óbreytt. Miðar tillagan að því að auka rétt foreldra til að ákveða sjálfir hvernig fæðingarorlofi þeirra með barni sé best háttað.

Með lögum nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof var stigið mikilvægt framfaraskref með lengingu fæðingarorlofs í tólf mánuði og foreldrum veittur sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs í allt að sex mánuði. Það styður við heilbrigð tilfinningatengsl foreldra og barna og leggur þannig grunn að velferð barnsins í bráð og lengd. Í ljósi mikilvægi tilfinningatengsla foreldra og barna fyrir þroska og sálfélagslega heilsu barna vill Félagsráðgjafafélag Íslands beina því til stjórnvalda að leggja áherslu á rétt barns til umönnunar beggja foreldra á þessu viðkvæma tímabili ekki síður en rétt foreldra á vinnumarkaði. Því er mikilvægt að auka félags- og fjölskylduráðgjöf við foreldra á meðgöngu og á fyrstu ævimánuðum barns til tryggja enn frekar að öll börn eigi þess kost að njóta umönnunar beggja foreldra. Rík hefð er fyrir áherslu á rétt barna til umönnunar beggja foreldra en um hann er einnig kveðið á um í barnalögum. Sérstaklega er mikilvægt að efla foreldrasamstarf og samband foreldra sem ekki deila lögheimili við fæðingu svo tryggt sé að barnið njóti umönnunar beggja foreldra á fyrstu æviárum. Einnig þarf að tryggja góða fræðslu til allra foreldra, en ekki síst foreldra sem ekki deila lögheimili, um réttindi þeirra og skyldur við barn sitt. Slík þjónusta er nauðsynleg í ljósi mikilvægis tengslamyndunar foreldra og barna fyrir líkamlega- og sálfélagslega heilsu barna og því þarf að tryggja foreldrum aðgang að ráðgjöf og stuðningi á meðgöngu og eftir fæðingu barns til að auðvelda þeim að standa saman að umönnun barns.

Rannsóknir sýna að sem jöfnust skipting fæðingarorlofs á milli foreldra er besta leiðin til að tryggja börnum umönnun beggja foreldra¹. Í 9. gr. laga nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof er kveðið er á um lengingu, framsal og tilfærslu á rétti foreldris til fæðingarorlofs. Þar eru tíunduð þau tilvik þar sem réttur til 12 mánaða fæðingarorlofs flyst alfarið til annars foreldris. Þær heimildir tryggja barni umönnun foreldris í allt að 12 mánuði þegar einungis eitt foreldri er til staðar eða einungis annað tveggja foreldra hefur möguleika á því að annast barnið.

¹ Sjá t.d. Ásdís A. Arnalds og Guðný Björk Eydal (2020). Sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs tryggir börnum best umönnun beggja foreldra, aðgengilegt á <https://www.visir.is/g/20202018419d>

Sem stéttarfélag er það hlutverk Félagsráðgjafafélags Íslands að standa vörð um réttindi einstaklinga á vinnumarkaði en einnig að styðja við markmið frumvarpsins um að tryggja réttindi barns til samvista við báða foreldra sína og gera foreldrum kleift að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf. Sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarorlofs er til þess fallinn að stuðla að því að barn fái notið samvista við báða foreldra og þar sem lögin heimila foreldrum að framselja sex vikur af sjálfstæðum rétti sínum til hins foreldrisins er ákveðinn sveigjanleiki tryggður.

Félagsráðgjafafélag Íslands tekur undir stefnu BHM sem var samþykkt á aðalfundi bandalagsins 2022. Til að tryggja foreldrum sem best tækifæri til að annast um börn sín og nýta til þess fæðingarorlof er brýnt að hækka greiðslur í fæðingarorlofi til að draga úr tekjutapi foreldra og tryggja að löggjöfin þjóni því tvíþætta markmiði að barn njóti jafnra samvista við foreldra sína og jafni stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Vert er að hafa í huga að réttur til launa í fæðingarorlofi er einstaklingsbundinn og hans verður aðeins aflað með þátttöku á vinnumarkaði. Því þarf einnig að huga sérstaklega að réttindum þeirra sem eru í skertu starfshlutfalli eða utan vinnumarkaðar, svo sem námsmanna eða fólks á endurhæfingarlífeyri svo allir foreldrar geti nýtt fæðingarorlof sitt. Þá er það forgangsmál að tryggja börnum aðgang að dagvistun eða leikskólaplássi þegar fæðingarorlofi lýkur, óháð fæðingardegi barns, búsetu fjölskyldunnar og efnahag².

Félagsráðgjafar eru ein þeirra lykilfagstétta sem styðja við börn og foreldra frá meðgöngu og fyrstu árin en rannsóknir hafa sýnt að fyrsti 1001 dagurinn í æviskeiði barna leggur grunninn að velferð einstaklinga ævina á enda. Félagsráðgjafar vinna með fólki á viðkvæmum tímabilum lífsins og eru sérfræðingar í því að meta félagslega stöðu með heildarsýn að leiðarljósi og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi. Því er mikilvægt að tryggja aðgengi að félagsráðgjöf innan heilsugæslu þar sem flestir foreldrar leita eftir þjónustu á þessu mikilvæga og viðkvæma tímabili í lífi fjölskyldna.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður

² Stefna BHM samþykkt á aðalfundi 2022, aðgengilegt á <https://www.bhm.is/um-bhm/stefna/>